



# Yfirlit af vettvangi Evrópusamstarfs í Brussel

Apríl 2018 – Sendiráð Íslands í Brussel

*Tilgangur þessa yfirlits er að veita Alþingi upplýsingar um ýmis mál sem eru til umfjöllunar á vettvangi Evrópusamstarfsins í Brussel og varða Ísland með beinum eða óbeinum hætti, hvort sem er í gegnum EES-samninginn, Schengen-samstarfið um innanríkis- og dómsmál eða önnur samstarfssvið, s.s. utanríkismál. Yfirlitið er birt á vefsíðu sendiráðs Íslands í Brussel og er því einnig aðgengilegt hverjum þeim sem áhuga hafa á samskiptum Íslands við ESB. Stiklað er á stóru í einstökum málefnum og eftir atvikum fylgja krækjur í nánari umfjöllun erlendra miðla. Hafa ber í huga að yfirlitið er ekki tæmandi um þau málefni sem til umfjöllunar eru á hverjum tíma.*

*Meginhlutverk sendiráðs Íslands í Brussel er að taka þátt í rekstri EES-samningsins og Schengen af Íslands hálfu. Sendiráðið sinnir hagsmunagæslu gagnvart ESB, auk þess að eiga í margvíslegu samstarfi og samráði við stofnanir sambandsins á ýmsum málefnasviðum, innan sem utan EES-samstarfsins. Sendiráðið fylgist einnig með þróun mála varðandi útgöngu Breta úr ESB (Brexit). Upplýsingar varðandi Brexit berast utanríkismálanefnd Alþingis frá utanríkisráðuneyti. Jafnframt er bent á umfjöllun í erlendum miðlum á vefsíðum sem eru gefnar upp neðst í þessu yfirliti.*

## Almennar fréttir af EES og öðru Evrópusamstarfi Íslands

### Styrktímabil Uppbyggingarsjóðs EES að komast á fullt skrið

Tíu af 15 viðtökuríkjum Uppbyggingarsjóðs EES hafa nú skrifað undir samkomulag (e. MoU) við Ísland, Noreg og Liechtenstein fyrir yfirstandandi styrktímabil, 2014-2021. Um er að ræða samkomulag um skiptingu fjárframlags eftir málaflokkum. Þetta eru Búlgaría, Tékkland, Eistland, Grikkland, Lettland, Malta, Pólland, Portúgal, Rúmenía og Slóvakía. Skrifað verður undir við Slóveníu og Litháen í apríl og þá eru einungis eftir Kýpur, Króatía og Ungverjaland. Uppbyggingarsjóður EES hefur tvenns konar markmið; annars vegar að draga úr efnahagslegum og félagslegum ójöfnum í löndunum sem mynda evrópska efnahagssvæðið og hins vegar að stuðla að tvíhliða samskiptum milli viðtökuríkjanna og EFTA-ríkjanna þriggja í EES sem inna af hendi fjárframlögin. Fjöldi íslenskra aðila hefur komið að einstökum verkefnum á vegum sjóðsins. Orkustofnun og RANNÍS gegna sérstöku hlutverki fyrir Íslands hönd í störfum hans.

### Mikil eftirspurn eftir upplýsingum um jafnréttismál Íslands

Sendiráðið í Brussel hefur ekki farið varhluta af miklum áhuga á íslenskum jafnréttismálum. Nýlega flutti til dæmis sendiherrann erindi um Ísland og jafnréttismál, m.a. út frá þátttöku karla í þeim, á fjölmennum fundi hjá Alþjóðatollastofnuninni í Brussel. Þá var hún heiðursgestur á stórrí jafnréttisráðstefnu 10. mars á vegum Haag-borgar í tengslum við alþjóðlegan baráttudag kvenna 8. mars og tók þátt í fjölda annarra viðburða kringum þann dag, auk þess sem starfsmaður sendiráðsins flutti erindi um jafnlaunamál hjá Uppbyggingarsjóði EES.

Nýverið óskaði jafnréttisnefnd Evrópuþingsins svo eftir kynningu og umræðum við íslenskan fulltrúa, um fjölgun kvenna í stjórnmálum. Vonir standa til að af því geti orðið hið fyrsta.

## Ísland bætir frammistöðu sína við innleiðingar EES-gerða.

Frammistöðumat Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá því í maí 2017 fram í nóvember sama ár var kynnt 6. apríl sl. Þar er gerð grein fyrir árangri EES-ríkjanna innan EFTA við innleiðingu EES-gerða. Samkvæmt yfirliti ESA hefur Ísland bætt frammistöðu sína frá því í maí 2017 þegar kemur að innleiðingu á tilskipunum. Ísland er þó enn í neðsta sæti þegar innleiðingarhalli EES-ríkjanna er tekinn saman yfir umrætt tímabil.

Innleiðingarhalli Íslands var í maí 2017 2,2 prósent en er nú orðinn 1,8 prósent þar sem fimmtán tilskipanir hafa ekki verið innleiddar að fullu á réttum tíma. Ef einungis er litið til innleiðingar á reglugerðum þá hefur Ísland bætt sig umtalsvert. Óinnleiddar reglugerðir voru 35 talsins sem svarar til 1,2% halla á innleiðingu reglugerða.

Í Noregi jókst innleiðingarhalli frá síðasta frammistöðumati og fór hann úr 0,2 prósent í 0,5 prósent og innleiðingarhalli jókst lítillega hjá Liechtenstein úr 1,2 prósent í 1,3 prósent. Frá ársbyrjun 2011 hefur það verið markmið ESB og ESA að aðildarríkin haldi innleiðingarhallanum undir 0,5 prósent.

Frammistöðumat ESA má nálgast á [vefsetri stofnunarinnar](#).

## **Undirbúningur og mótun ESB-gerða**

### Forgangsmál í hagsmunagæslu í EES-samstarfinu

Í september 2016 samþykkti þáverandi ríkisstjórn Íslands forgangslista fyrir hagsmunagæslu í EES-samstarfinu. Unnið hefur verið að því að endurskoða forgangslistinn fyrir árið 2018. Þar eru skilgreind þau hagsmunamál Íslands sem eru brýnust af þeim málefnum sem eru í lagasetningarferli innan Evrópusambandsins. Forgangslistinn var unninn í samvinnu allra ráðuneyta og að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis og hagsmunaaðila, m.a. með birtingu í samráðsgátt stjórnarráðsins. Spannar listinn allt frá loftslagsmálum til reglna um útsenda starfsmenn. Munu íslensk stjórnvöld fylgjast með framvindu þeirra mála, sem tiltekin eru á forgangslistanum, og koma sjónarmiðum Íslands á framfæri við umfjöllun um þau innan stofnana ESB. Er sú vinna raunar þegar í gangi. Gengið er út frá því að listinn verði endurskoðaður um mitt ár 2018 og árangur þá metinn.

### EFTA-ríkin í EES-samstarfinu senda skriflega umsögn varðandi almannavarnarkerfi ESB.

EFTA-ríkin þrjú í EES sendu frá sér sameiginlega umsögn til ESB þann 15. mars sl. um almannavarnarkerfi ESB en ríkin taka þátt í því á grundvelli EES-samningsins. Umsögnin varðar breytingartillögur Evrópuþingsins og ráðs ESB á almannavarnarkerfinu.

Viðbrögð við flóttamannavandanum og skógareldum í Evrópu leiddu í ljós að þörf væri á tilteknum endurbótum á almannavarnarkerfi ESB. EFTA-ríkin í EES lýsa sig fylgjandi meginmarkmiðum í endurskoðuninni, sem er að stuðla að bættu viðbrögðum við hættu eða skyndilegri neyð. Að mati EFTA-ríkjanna þarf þó að taka betur tillit til mismunandi þarfa ólíkra svæða innan Evrópu. Tenging almannavarnakerfis ESB og nýs kerfis sem tekst á við náttúruhamfarir (rescEU) þarfnast nánari skoðunar. Áhersla ætti einnig að vera lögð á heildarendurskoðun núverandi almannavarnakerfis, þ.e. á langtímamarkmið. Sjá nánar [hér](#).

### Breytingar í sjónmáli á tilskipun um útsenda starfsmenn.

Ráð ESB (þ.e. aðildarríkin) og Evrópuþingið hafa náð samkomulagi um breytingar á tilskipun 96/71/EC um útsenda starfsmenn sem hefur verið í farvatninu síðustu misseri. Með breytingunum verður útsendum starfsmönnum tryggður réttur til sömu launa og kjara og launþegar viðkomandi gistiríkis njóta. Einnig er hugtakið langtíma útsending kynnt til leiks en það á við um starfsmenn sem eru útsendir frá 12 til 18 mánuðum, en eftir þann tíma mun viðkomandi í öllum aðalatriðum njóta sambærilegrar stöðu og launþegar gistiríkisins að vinnurétti. Þá verður samstarf til að sporna við svikum og misnotkun í tengslum við útsendingu starfsmanna aukið. Sjá nánar [hér](#).

### **Fréttir af fundum í Brussel**

#### Ráðherrafundur í tengslum við Schengen-samstarfið

Fimmtudaginn 8. mars 2018 fór fram í Brussel fundur dómsmála- og innanríkisráðherra tengt Schengen samstarfinu. Fjallað var um samstarf við ríkin á Balkanskaganum, sem ekki eru aðilar að ESB, út frá innra öryggi Schengen svæðisins og vörnum gegn hryðjuverkum. Ríkin eru Albanía, Bosnía og Hersegóvína, Kósovó, Makedónía og Serbía. Gott samstarf við vörslu landamæra sem liggja að ESB er lykilatriði og eru sérstakir samstarfssamningar við ríkin um þau mál í burðarliðnum. Samstarf um varnir gegn hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi er líka mikilvæg. Þessi málefni tengjast. Bæði Evrópska lögregluskrifstofan (Europol) og Landamærastofnun Evrópu (European Border and Coast Guard Agency) koma að samstarfinu við ríkin á Balkanskaganum.

Fjallað var um samhæfingu á rekstri upplýsingakerfa á vettvangi dóms- og innanríkismála, þ.e. Schengen upplýsingakerfisins, upplýsingakerfis um vegabréfsáritanir og evrópska fingrafaragrunnsins, sem og nýrra kerfa sem eftir er að taka í gagnið, þ.e. upplýsingakerfi um komur og brottfarir útlendinga á Schengen svæðið (Entry/Exit System) og hins vegar evrópskt kerfi um ferðaheimild til handa útlendingum sem njóta vegabréfsáritunarfrælsis til ferðalaga inn á Schengen svæðið (European Travel Information and Authorisation System). Öll þessi kerfi eru liður í styrkingu ytri landamæra og til að stuðla að öryggi innan Schengen svæðisins, en tillögur um samhæfingu kerfanna miða að því að „kerfin tali saman“.

Að lokum var fjallað um flóttamannamálin. Almennt séð er staðan nú allt önnur en hún var árið 2015 þegar fordæmalaus straumur fólks á flótta lá til Evrópusambandsríkja. Fjallað var um mikilvægi þess að vinna með ríkjum í Afríku, vinna að gerð endurvíðtökusamninga og vinna að skilvirkari endurvíðtöku. Fulltrúi Íslands greindi frá stöðu hælismála á Íslandi og móttöku kvótaflóttafólks undanfarin þrjú ár. Sagt var frá því að ólíkt því sem gerist víða í Evrópu þá séu umsóknir um alþjóðlega vernd frá ríkisborgurum landa sem almenn eru talin örugg algengustu umsóknirnar á Íslandi. Á grundvelli þessa sé flestum umsóknum synjað og þeir fljótlega fluttir til baka. Sjá nánar um fundinn [hér](#).

#### Sendiherrar EFTA-ríkjanna í EES funda með ráðgjafarnefnd EFTA.

Ráðgjafarnefnd EFTA, sem skipuð er fulltrúum úr atvinnulífi og af vinnumarkaði fundaði í Brussel 12. mars sl. Sendiherrar EFTA-ríkjanna í EES komu á fund nefndarinnar og gerðu grein

fyrir helstu málum sem uppi hafa verið undanfarin misseri á vettvangi EES-samstarfsins. Ber þar hæst vinna við að taka inn í EES-samninginn reglur á sviði fjármálaeftirlits, á grundvelli tveggja stoða kerfis EES, reglugerð um persónuvernd og útganga Bretlands úr ESB og EES. Sjá nánar upplýsingar á vefsetri [EFTA-skrifstofunnar](#).

### Fundir í sameiginlegu EES-nefndinni 9. febrúar og 23. mars 2018

Sameiginlega EES-nefndin hefur fundað tvisvar sinnum frá útgáfu síðasta yfirlits af vettvangi Evrópusamstarfs í Brussel. Þann 9. febrúar sl. samþykkti nefndin að fella inn í samninginn 34 ákvarðanir um upptöku 51 ESB-gerða og hinn 23. mars sl. voru 42 ákvarðanir samþykktar sem fela í sér að 95 gerðir eru teknar inn í EES-samninginn. Ber hér hæst gerðir á sviði fjármálaeftirlits. Sjá nánar um þessa fundi [hér](#) og [hér](#).

### Félags- og vinnumál í deiglunni

Ráðgjafarnefnd EFTA og hinir ýmsu EFTA vinnuhópar hittust í Brussel þann 13. mars síðastliðinn á málþingi þar sem ný verkefni og markmið framkvæmdastjórnar ESB á sviði félagsmála innan ESB voru rædd. Meðal þeirra má nefna tillögu um evrópska vinnumálastofnun, sem er ætlað að stuðla að auknu upplýsingaflæði innan ESB í því skyni að ESB reglum sé fylgt á réttan og áhrifaríkan hátt, og tillögu að tilskipun um jafnvægi á milli vinnu- og fjölskyldulífs. Stuðlar tilskipunin að auknum möguleikum karla til að taka fæðingarolof svo konur geti í auknu mæli tekið þátt á vinnumarkaðinum. Þá var einnig fjallað um endurbætur á tilskipun um útsenda starfsmenn sem tryggir meginregluna um jöfn laun fyrir jafna vinnu á sama stað ásamt því að veita starfsmönnum og vinnuveitendum meira réttaröryggi. Nánari umfjöllun um viðburðinn og umræddar tillögur má finna í [þessari frétt](#) EFTA skrifstofunnar.

### Fundir framundan

Hinn 23. maí n.k. verður haldinn í Brussel fundur í EES-ráðinu, sem kemur saman til fundar tvisvar á ári. Ráðið er æðsta pólitíska stofnun EES-samningsins, er n.k. pólitískur aflvaki við framkvæmd EES-samningsins og gerir jafnan á fundum sínum stöðumat á framkvæmd og þróun samningsins. EES-ráðið er skipað utanríkisráðherrum EES/EFTA-ríkjanna og fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar og ráðherraráðs ESB.

Sameiginlega EES-þingmannanefndin mun fundu í Stavanger 7.-9. maí n.k. og ráðgjafarnefnd EES kemur saman í Reykjavík 3.-4. maí. Um er að ræða vettvang fyrir samskipti og samráð milli aðila vinnumarkaðar ESB og EES/EFTA-ríkjanna. Nefndin er skipuð fulltrúum úr ráðgjafarnefnd EFTA og efnahags- og félagsmálanefnd ESB.

## **Annað**

### Stefna ESB í samskiptum við ríkin á Balkanskaga sem ekki eru aðilar að ESB

Framkvæmdastjórn ESB birti í febrúar áherslur ESB í samskiptum þess við ríkin á Balkanskaganum sem ekki eru aðilar að ESB, þ.e. við Albaníu, Bosníu-Hersegóvínu, Kósóvo, Madedóníu, Serbíu og Svartfjallalandi. Færð eru rök fyrir því að stuðningur ESB við ríkin á Balkanskaganum séu mikilvægur liður í að tryggja stöðugleika og frið innan ESB. Öll þessi ríki stefna á aðild að Evrópusambandinu. Eins og sakir standa eru Serbía og Svartfjalland fremst í

þeirri vegferð og standa aðildarviðræður við þau yfir. Albanía og Makedónía banka á dyrnar. Það liggur hins vegar ekkert fyrir um það hvaða ríki muni verða næsta aðildarríki, né hvenær af aðild gæti orðið. Sumir, t.d. Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB, hafa nefnt 2025 sem einhvers konar viðmiðun. Ekkert þeirra fær hins vegar aðild fyrr en grundvallarskilyrði sem aðildarríkjum sambandsins eru sett verða uppfyllt, ekki síst varðandi laga- og dómskerfið, fjölmiðlafrelsi, þar sem mörg þessara ríkja eiga enn talsvert í land með úrbætur. Umræða fer nú fram um þessar áherslur innan stofnana ESB. Utanríkisráðherrarnir fjölluðu um það á óformlegum fundi í Sofíu nýverið. Gert er ráð fyrir að stefna þessi verði endanlega blessuð af leiðtogum aðildarríkjanna á fundi í maí n.k. Einnig má búst við því að Evrópuþingið eigi eftir að láta sitt álit í ljós, í formi þingsályktunar. Sjá nánar [hér](#).

## Gagnlegar vefsíður

EFTA-skrifstofan: <http://www.efta.int/>

Eftirlitsstofnun EFTA: <http://www.eftasurv.int/>

Uppbyggingarsjóður EES: <https://eeagrants.org/>

Evrópuþingið: <http://www.europarl.europa.eu/portal/en>

Búlgaríja í forsæti ráðs ESB: <https://eu2018bg.bg/en/programme>

Fréttir frá stofnunum ESB: [https://europa.eu/newsroom/home\\_en](https://europa.eu/newsroom/home_en)

EU Observer: <https://euobserver.com/>

Politico: <http://www.politico.eu/>